

## Hornstrandaneftndarfundur haust 2022 29. 11. 2022 klukkan 15:30 – 16:45

Mættir: Kristín Ósk Jónasdóttir, f.h. Umhverfisstofnunar, Ingvi Stígsson, Margrét Katrín Guðnadóttir og Sölvi Sólbergsson f.h. Landeigendafélagsins og Gauti Geirsson f.h. Ísafjarðarbæjar. Andrea Harðardóttir fulltrúi Ísafjarðarbæjar kom inn á fundinn klukkan 16:30.

### 1. Sumarið 2022

Farið yfir hvernig gestakomur á Hornstrandir eru að þróast. Út frá talningum er áætlað að um 7500 gestir hafi heimsótt svæðið sem er töluverð fjölgun frá því sem verið hefur. Lang flestir í júní, júlí og ágúst. Á þessu tímabili er áætlað að um 1900 göngumenn hafi farið um svæðið og dvalið að meðaltali 4,3 daga á svæðinu.

Tímabilið er að lengjast og hefst nú í upphafi júní og varir langt fram í september.

Ástand svæðisins almennt gott en nokkurt álag á tjaldsvæðið í Höfn, þar sem mikið var um gesti allt sumarið með toppum seinnipartinn í júlí með um 100 gestum á nóttu. Svæðið blautt í allt sumar.

### 2. Framkvæmdir sumarið 2022

- Tvær vikur í göngustígaviðgerðir í og við Hornvík (2 x 5 manna hópar í 5 daga vinnu).
- Lagfæringar á göngustíg í Veiðileysufjarðarbotni.
- Allt klárt á staðnum í Hrafnfirði fyrir viðgerð á brúnni yfir Skorará.

### 3. Búðin á Hesteyri

- Aðlögun að breyttri starssemi gekk vel. Innréttuð voru 3 salerni fyrir almenning sem og sett upp hreinlætisaðstaða og eldhús inn í húsinu fyrir landvörð. Verið er að vinna að því að verslunarhluti búðarinnar verði opinn fyrir almenning og hann gerður aðlaðandi.
- Næstu verkefni er að laga leka á þaki, skipta um glugga og mála húsið að utan.

### 4. Sótt var um fjármagn til framkvæmda í Landsáætlun um uppbyggingu innviða.

- Sótt var um fyrir fjögur verkfni, en ekki gert ráð fyrir því að fá upplýsingar um stöðu umsóknanna fyrir en í febrúar/mars 2023.

### 5. Gestastofan

Myndataka var innan svæðis í sumar og fengum við efni af fleiri svæðum í eldhúsgluggaatriði sem og nýtt efni í sýndarveruleikaglerauginum.

### 6. Brú og bryggja á Hesteyri

Hönnunarmyndir af brú sýndar á fundinum og umræðum um stöðu á hönnun á brú. Umræður á fundinum voru á þá leið að ramma hluti skipulags þyrfti að komast á hreint áður en farið yrði í þessar framkvæmdir. Sérfræðingi falið að óska eftir fund með sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs ásamt formanni skipulagsnefndar, til að fara yfir skipulagsvinnu norðan djúps.

### 7. Ágengar tegundir

Reglulega verur fólk var við mink innan friðlandsins. Misjafnt milli ára hvar hann heldur sig. Nú í haust komin í Höfn. Umræður á fundinum um hvernig hægt væri að útrýma mink á svæðnu. Sérfræðingi falið að skoða hvaða gildir eru öruggar gagnvart tófunni og samræmast dýraverndarsjónarmiðum.